

Bæjarskrifstofur Garðabæjar	
Mótt.dags:	18.01.19
Málalýkill:	00.64
Mál nr.:	1711130

Til sveitarfélaga sem eru afhendingarskyld til Þjóðskjalasafns Íslands

Reykjavík 15. janúar 2019
Tilv. 1901083/2.6.2

Efni: Skýrsla um skjalavörslu og skjalastjórn sveitarstjórnarskrifstofa afhendingarskyldra til Þjóðskjalasafns

Ágæti viðtakandi

Meðfylgjandi er skýrsla um niðurstöður eftirlitskönnunar Þjóðskjalasafns Íslands á skjalavörslu og skjalastjórn sveitarstjórnarskrifstofa sem eru afhendingarskyldar til Þjóðskjalasafns. Könnunin fór fram í nóvember og desember árið 2017. Úrvinnslu úr innsendum gögnum lauk undir lok nýliðins árs og var skýrslan gefin út í kjölfarið.

Í skýrslunni eru upplýsingar um könnunina, tölulegar niðurstöður og umfjöllun um meginniðurstöður. Þar eru einnig tillögur til úrbóta og nefnt hver gætu verið næstu skref í skjalavörslu og skjalastjórn sveitarstjórnarskrifstofa. Meginniðurstöður könnunarinnar eru á bls. 11-13 og tillögur að úrbótum í skjalavörslu og skjalastjórn ríkisstofnana á bls. 14.

Í upplýsingaskyni er mennta- og menningarmálaráðuneyti, Sambandi íslenskra sveitarfélaga og héraðsskjalasöfnum send skýrslan.

Athygli er vakin á því að framkvæmdastjóri sveitarfélags ber ábyrgð á skjalavörslu og skjalastjórn viðkomandi sveitarfélags sbr. 2. mgr. 22. gr. laga nr. 77/2014 um opinber skjalasöfn. Þá er rétt að áréttta að afhendingarskyldum aðilum, þ.m.t. sveitarstjórnnum, er skylt að haga skjalastjórn og skjalavörslu með þeim hætti sem segir í reglum sem Þjóðskjalasafn setur á grundvelli laganna, sbr. 3. mgr. sömu greinar.

Það er von undirritaðs að framkvæmdastjórar sveitarfélaga leggi áherslu á að uppfylla þessar lagalegu skyldur sínar og stuðla þannig að bættri stjórnsýslu, öruggari varðveislu og bættu aðgengi að upplýsingum er varða réttindi borgara, hagsmuni hins opinbera og sögu þjóðarinnar.

Virðingarfyllt,



Eiríkur G. Guðmundsson
Þjóðskjalavörður